



28.6.2016

Tilvísun Skrifleg fyrirspurn lögð fram af Karin Gaardsted, málsnúmer 16-00119-2

Mál Svar við skriflegri fyrirspurn um markmið í orku- og loftslagsmálum E 15/2016

Ríkisstjórnir Finnlands, Íslands Noregs og Svíþjóðar hafa verið beðnar að svara fyrirspurn um markmið landanna í orku- og loftslagsmálum. Þar sem Finnar gegna formennsku í Norrænu ráðherranefndinni senda þeir hér með samantekt á svörum landanna.

Svar frá Finnlandi

Orkumál

Í sáttmála ríkisstjórnar Juha Sipilä er að finna eftirfarandi markmið í orkumálum:

- Hrein, endurnýjanleg og innlend orka komi í stað innflutts jarðefnaeldsneytis.
- Notkun á endurnýjanlegri orku án kolefnislosunar verði aukin með sjálfbærum hætti, þannig að hlutur hennar fari yfir 50 prósent á 3. áratug 21. aldar og að sjálfsnægtastigið, sem felur m.a. í sér brennslu á mó, fari yfir 55 prósent.
- Komið verði á fót stuðningi, sem gengur ekki út frá neinni ákveðinni tækni, við endurnýjanlega orku sem stenst viðmiðunarreglur ESB og sem minnkar eftir því sem framleiðslan verður fjárhagslega arðbærari.
- Hætt verði notkun á kolum til orkuframleiðslu og innlend neysla á innfluttri olíu verði minnkuð um helming á 3. áratug 21. aldar.
- Hlutur endurnýjanlegs eldsneytis í samgöngum hækki í 40 prósent fram til ársins 2030.

Loftslagsmál

- Finnland hefur skuldbundið sig til að stefna að þeim markmiðum sem sett eru fram í stefnumörkun ESB fram til ársins 2020. Þetta felur í sér að losun innan viðskiptakerfis ESB um losunarheimildir dragist saman um 21%, samanborið við 2005. Markmið Finnlands um minnkun losunar utan viðskiptakerfisins um losunarheimildir hljóðar upp á 16%, samanborið við árið 2005.
- Í ríkisstjórnarsáttmála Juha Sipilä er stefnt að því að skerpa markmið fyrir losun utan viðskiptakerfisins þannig að markmiðinu fyrir 2020 verði náð árið 2018.

- Finnland hefur ekki sett sér markmið um losun fyrir árið 2030. Markmið fyrir 2030 verða mótuð á næstu árum, þegar stefnumörkun ESB í loftslags- og orkumálum fyrir 2030 verður samþykkt.
- Fyrir 2050 hefur Finnland skuldbundið sig til þess með eigin stefnumörkun í loftslagsmálum að draga úr losun um að minnsta kosti 80%, samanborið við árið 1990.
- Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda í Finnlandi á árinu 2014 nam 59,1 milljón tonna. Samanborið við 2005 hefur losunin dregist saman um u.þ.b. 10 milljónir tonna eða 15%.
- Ekki stendur til að gera breytingar á þessum markmiðum að svo stöddu.

Svar frá Íslandi

Hvaða markmið eru nú í gildi um hlut endurnýjanlegrar orku í heildarorkunotkun í landinu miðað við einhver ákveðin ár? Er slíkt markmið og ártal í gildi varðandi það að hætta með öllu notkun kola og jarðgass?

- Að svo stöddu nemur hlutur endurnýjanlegrar orku 71% af allri orkuneyslu á Íslandi. 99,9% af raforku sem framleidd er á Íslandi eru endurnýjanleg, svo og 99% orku sem notuð er til upphitunar húsa. Jarðefnaeldsneyti er einkum notað í samgöngum og fiskveiðum. Vorið 2016 lagði iðnaðar- og viðskiptaráðherra tillögu fyrir Alþingi að ályktun um tímaáætlun til að skipta jarðefnaeldsneyti út fyrir endurnýjanlega orkugjafa. Þar er lagt til að hlutur endurnýjanlegrar orku í landsamgöngum verði aukinn úr 6%, eins og nú er, í 30% fram til ársins 2030. Hlutur endurnýjanlegrar orku í siglingum og fiskveiðum verði orðinn 10% árið 2030.

Hvaða markmið hafa verið sett um heildarlosun gróðurhúsalofttegunda í landinu?

- Markmið Íslands er hið sama og ESB-landanna; að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 20% fram til ársins 2020, samanborið við losun ársins 1990. Ísland hyggst eiga þátt í því sameiginlega markmiði Evrópulanda að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40% fram til 2030.
- Ísland mun uppfylla sinn hluta samkomulagsins með því að taka þátt í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir og með sérstökum markmiðum fyrir losun utan viðskiptakerfisins. Losunarmarkmið fyrir 2030 verða mótuð í viðræðum við ESB og ef til vill önnur lönd.

Hvernig hafa markmiðin á ofangreindum tveimur sviðum þróast á síðustu tíu árum – hafa þau verið aukin eða hefur verið dregið úr þeim?

- Losun gróðurhúsalofttegunda (að frátalinni losun vegna landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar) árið 2014 var 4,6 milljónir tonna samanborið við 3,9 milljónir tonna árið 2005. Á þessu tímabili dróst losun saman um 6,9% utan viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir, en jókst um 109% innan viðskiptakerfisins.

Hefur ríkisstjórnin áform um að auka eða draga úr ofangreindum markmiðum?

- Hvorki hefur verið ákveðið né rætt að gera breytingar á núverandi áformum.

Svar frá Noregi

Orkumál

Hlutur endurnýjanlegrar orku í Noregi, ef reiknað er út frá tilskipun EB um endurnýjanlega orku, jókst úr 58% árið 2004 í 69% 2014. Um 98% allrar raforku sem framleidd er á meginlandi Noregs kemur frá endurnýjanlegum auðlindum. Ekki er áformað að byggja upp frekari vinnslu jarðefnaeldsneytis til að framleiða raforku á meginlandinu.

- Noregur hefur, í samræmi við tilskipunina um endurnýjanlega orku og EES-samninginn, sett sér það markmið að hlutur endurnýjanlegrar orku nemi 67,5% árið 2020.

- Noregur og Svíþjóð hafa sett sér það markmið að auka framleiðslu á endurnýjanlegri raforku um 28,4 teravattstundir á árunum 2012–2020 í samræmi við sameiginlegt grænt vottunarkerfi raforku.
- Noregur hefur sett sér eftirfarandi fjögur meginforgangssvið í orkumálum fram að 2030: Aukið afhendingaröryggi, hagkvæm uppbygging innviða fyrir endurnýjanlega orku, skilvirkari og loftslagsvænni orkunýting auk atvinnuþróunar og verðmætasköpunar með skilvirkri nýtingu hagkvæmra og endurnýjanlegra auðlinda.

Loftslagsmál

- Stefnt er að því að kolefnislosun verði í lágmarki í norsku samfélagi árið 2050.
- Stefnt er að því að Noregur verði kolefnishlutlaus árið 2050.
- Sem liður í hnattrænum og metnaðarfullum loftslagssamningi þar sem fleiri iðnríki takast mikilvægar skuldbindingar á hendur, hyggst Noregur setja sér bindandi markmið um kolefnishlutleysi eigi síðar en 2030. Í því felst að Noregur sjái til þess að samskonar minnkun á losun verði þar í landi fyrir árið 2030.
- Noregur mun skuldbinda sig til að minnsta kosti 40% losunarskerðingar árið 2030, samanborið við 1990.
- Fram til 2020 mun Noregur draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu um sem nemur 30% af losun Noregs árið 1990. Unnið verður að því markmiði innan ramma Kyotobókunarinnar þess efnis að losun á tímabilinu 2013–2020 verði ekki meiri að meðaltali en sem nemi 84% af losun ársins 1990.
- Losun gróðurhúsalofttegunda vegna eyðingar og niðurbrots skóga í þróunarlöndum verður skert í samræmi við markmið sjálfbærrar þróunar.

Landsmarkmið Noregs í loftslagsmálum eru grundvölluð á loftslagssamningi norsku þingflokka (Till. 390 S (2011–2012) Tilk. til Stórb. 21 (2011–2012)) og í tilkynningu til Stórþingsins um nýjar losunarskuldbindingar fram að 2030 (Tilk. til Stórb. 13 (2014–2015) Till. 211 s (2014–2015)). Í tillögu 401 S (2015–2016) staðfestir nefndin að „loftslagsmarkmiðið fyrir 2020 [standi] óbreytt. Noregur vill leggja á eitt með ESB til að ná markmiðinu um minnst 40% losunarskerðingu árið 2030.“

Þann 14. júní 2016, á meðan afgreiðsla tillögu um samþykki vegna Parísarsamkomulagsins stóð yfir, samþykkti norska Stórþingið eftirfarandi (Till. 407 S – 2015–2016): Stórþingið biður ríkisstjórnina að leggja það til grundvallar að Noregur stefni að losunarskerðingu sem samsvari losun þar í landi frá og með 1. janúar 2030, og að unnt verði að ná kolefnishlutleysi gegnum kvótamarkað ESB, alþjóðlegt samstarf um losunarskerðingu, viðskipti með losunarheimildir og ýmis samstarfsverkefni.

Svar frá Svíþjóð

Hvaða markmið eru nú í gildi um hlut endurnýjanlegrar orku í heildarorkunotkun í landinu miðað við einhver ákveðin ár? Er slíkt markmið og ártal í gildi varðandi það að hætta með öllu notkun kola og jarðgass?

- Sænska þingið hefur sett sér það markmið að árið 2020 komi minnst 50% allrar orku frá endurnýjanlegum auðlindum.
- Markmið ríkisstjórnarinnar er að Svíþjóð verði fyrsta velferðarríkið án jarðefnaeldsneytis, en ekki er tiltekið hvenær því markmiði skuli náð.

Hvaða markmið hafa verið sett um heildarlosun gróðurhúsalofttegunda í landinu?

- Sænska þingið hefur sett sér það markmið að losun Svíþjóðar, utan viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir, dragist saman um 40% fram til 2020 samanborið við 1990. Þriðjungi markmiðsins verður náð með því að standa við skuldbindingar Svíþjóðar í alþjóðlegum aðgerðum í loftslagsmálum.

- Þingið hefur komið sér saman um þá framtíðarsýn að árið 2050 muni nettólosun gróðurhúsalofttegunda í Svíþjóð heyrja sögunni til.

Hvernig hafa markmiðin á ofangreindum tveimur sviðum þróast á síðustu tíu árum – hafa þau verið aukin eða hefur verið dregið úr þeim?

- Ofantalin loftslagsmarkmið voru samþykkt af sænska þinginu árið 2009. Núverandi ríkisstjórn stefnir að því að markmiðinu fyrir árið 2020 verði náð án þess að telja með alþjóðlegar aðgerðir í loftslagsmálum, sem felur í sér að markmiðið verður aukið.
- Svíþjóð hefur þegar náð lengra en að markmiði sínu um endurnýjanlega orku fyrir 2020. Árið 2014 var hlutur hennar 52,6%. Notkun jarðefnaeldsneytis dróst saman úr 37% árið 1990 í 30% árið 2014.

Hefur ríkisstjórnin áform um að auka eða draga úr ofangreindum markmiðum?

- Ríkisstjórnin og flokkarnir fjórir sem skipuðu síðustu ríkisstjórn komu sér nýverið saman um það, innan ramma þingmeðferðar, að þingið eigi að setja sér það markmið að eigi síðar en 2045 muni nettólosun Svíþjóðar á gróðurhúsalofttegundum hafa linnit með öllu. Þetta felur sér að fyrri framtíðarsýn fyrir árið 2050 verður skerpt.
- Þann 10. júní 2016 gerðu fimm þingflokkar á sænska þinginu (þ.á.m. ríkisstjórnarflokkarnir) með sér rammisamþykkt um stefnuna í orkumálum. Í henni er að finna markmið um 100% endurnýjanlega raforku árið 2040.

Kimmo Tiilikainen

Landbúnaðar- og umhverfisráðherra Finnlands

Formaður Norrænu ráðherranefndarinnar um umhverfismál (MR-M)